



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**582. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 21. ágúst 2024
og hófst hann kl. 07:30.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samgöngusáttmálinn - uppfærsla - 2003010

Fyrirliggjandi eru:

1. Viðauki við Samgöngusáttmálann ásamt framkvæmda- og fjárstreymisáætlun sem er fylgiskjal viðaukans
2. Samkomulag um rekstur almenningsgangna, stjórnskipulag og veghald
3. Yfirlýsing með viðauka um uppfærslu Samgöngusáttmála

Undirskrift framangreindra gagna, af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna, er fyrirhuguð kl. 13:00 í dag, 21. ágúst 2024 og mun undirritun vera gerð með fyrirvara um samþykki.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Guðjón Erling Friðriksson

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að vísa framangreindum skjölum, sbr. stafliði 1 til 3, til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna að undirskrift lokinni. Kynningarfundur var haldinn fyrir kjörna fulltrúa um framangreint hinn 20. ágúst 2024, en jafnframt skal erindinu fylgt eftir með kynningum fyrir borgar- og bæjarráðum eftir því sem óskað er.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:15.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu